

Ed. 353. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Í stað „21 árs“ í 2. mgr. 4. gr. komi: 20 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um lækkun á aldursmörkum að því er varðar kosningarétt og kjörgengi, stofnun hjúskapar og fjárræði, þannig að 21 árs aldursmarki var breytt í 20 ára.

Telja verður, að sömu sjónarmið eigi við um aldursmark það, sem getið er um í 2. mgr. 4. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, og er því lagt til, að þar verði einnig miðað við 20 ára aldur.